# Sýn hf.

## Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

### 1. janúar til 30. september 2024



vodafone vísir SPORT já BYLGJAN 989 FM957 X977 ENDOR

Sýn hf. Suðurlandsbraut 8 108 Reykjavík kt. 470905-1740

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 3 |
| Fjárhagslegar lykiltölur | 4 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Eiginfjáryfirlit | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 8 |
| Skýringar | 9 |
| Viðauki: | |
| Ársfjórðungsyfirlit | 13 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Sýn hf. er alhliða félag á sviði fjarskipta- og fjölmiðlastarfsemi. Félagið rekur marga af öflugustu fjölmiðlum landsins eins og Stöð 2, Stöð 2+, Bylgjuna, Vísi, FM957, Xið og fleiri landsþekkta miðla. Félagið veitir einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta- og upplýsingatækniþjónustu undir vörumerkjum Vodafone á Íslandi og dótturfélögunum Endor ehf. og Já ehf. (dótturfélag Eignarhaldsfélagsins Njálu ehf.). Félagið á í fjölþættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims.

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Sýnar hf. og dótturfélaga þess (Endor ehf. og Eignarhaldsfélagið Njála ehf.), ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

## Niðurstaða fyrstu níu mánaða ársins

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu 15.915 millj. kr. á fyrstu 9 mánuðum ársins. Tap af rekstri samstæðunnar á tímabilinu nam 322 millj. kr. og rekstrarhagnaður 533 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 33.265 millj. kr. Eigið fé samstæðunnar þann 30. september 2023 nam 9.891 millj. kr. þar af nam hlutafé 2.476 millj. kr. Eiginfjárhlutfallið 30. september 2024 var 29,7%.

Tekjur félagsins jukust lítillega á fyrstu níu mánuðum ársins. Góð tekjuaukning hefur verið á kjarnastarfsemi samstæðunnar þar sem tekjur af heimatengingum jukust um 12% og tekjur af farsímaáskriftum jukust um rúm 13%. Lækkun á rekstrarhagnaði milli tímabila skýrist að mestu af samdrætti í IoT tekjum, hærra kostnaðarverði seldra vara og þjónustu ásamt hærri afskriftum sýningarrétta, en á samanburðartímabilinu voru þær lægri vegna endursamninga við erlendan birgja.

## Kaup á eigin hlutum og lækkun hlutafjár

Þann 9. nóvember 2023 hófst endurkaupaáætlun sem lauk 16. febrúar 2024. Félagið keypti keypti 1.598.815 hluti fyrir 76 millj. kr. Þann 11. apríl 2024 var hlutaféð lækkað í samræmi við fjölda eigin hluta og voru útgefnir hlutar í félaginu 247.648.960 eftir lækkunina. Skráning hjá Nasdaq á útgefnu hlutafé fór fram 13. maí 2024.

## Sala á hluta af starfsemi Endor ehf.

Þann 1. október 2024 undirrituðu Sýn hf. og Hexatronic kaupsamning um hluta af starfsemi Endor ehf. Viðmiðunardagur viðskiptanna var þann 20. september sl. og hefur hluti kaupverðsins þegar verið greiddur. Hagnaður af sölu starfseminnar nam 160 millj. kr. Sjá nánar í skýringu 11.

## Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. september 2024 ásamt rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2024.

Stjórn og forstjóri Sýnar hf. hafa í dag fjallað um samandreginn árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2024 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 13. nóvember 2024

## Í Stjórn

Hákon Stefánsson, stjórnarformaður

Rannveig Eir Einarsdóttir, varaformaður

Petrea Ingileif Guðmundsdóttir

Páll Gíslason

Ragnar Páll Dyer

## Forstjóri

Herdís Dröfn Fjeldsted

# Fjárhagslegar lykiltölur

| | 2024<br>3F | 2023*<br>3F | 2024<br>9M | 2023*<br>9M |
|---|---|---|---|---|
| **Fjárhagsupplýsingar** | | | | |
| Heildartekjur | 5.265 | 5.382 | 15.915 | 15.873 |
| Rekstrarhagnaður (EBIT)** | 363 | 590 | 533 | 1.594 |
| EBITDA tímabilsins*** | 1.433 | 1.666 | 3.854 | 4.747 |
| (Tap) hagnaður af áframhaldandi starfsemi fyrir tekjuskatt | ( 148) | 320 | ( 677) | 722 |
| Hagnaður (tap) tímabilsins | 17 | 321 | ( 322) | 804 |
| Hagnaður (tap) á hlut | 0,11 | 1,30 | ( 1,45) | 3,07 |
| Fjárfestingar í rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum | 283 | 411 | 1.324 | 1.656 |
| Fjárfestingar í sýningarréttum | 778 | 535 | 1.845 | 1.510 |
| Frjálst fjárflæði (FCF) | 838 | 371 | 412 | 696 |
| Handbært fé frá rekstri | 1.478 | 845 | 2.527 | 2.533 |

| | 30.9.<br>2024 | 30.6.<br>2024 | 31.3.<br>2024 | 31.12.<br>2023 |
|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtaberandi skuldir | 19.073 | 19.346 | 18.765 | 18.596 |

* Fjárhæðum vegna 2023 hefur verið breytt vegna sölu á hluta af starfsemi Endor ehf., sjá skýringu 11

** Rekstrarhagnaður (EBIT) innifelur rekstrar- og söluhagnað af aflagðri starfsemi, samtals 228 millj. kr. á fyrstu 9 mánuðum ársins 2024 og 164 millj. kr. á þriðja ársfjórðungi 2024, sjá skýringu 11

*** EBITDA tímabilsins innifelur rekstrar- og söluhagnað af aflagðri starfsemi, samtals 488 millj. kr. á fyrstu 9 mánuðum ársins 2024 og 179 millj. kr. á þriðja ársfjórðungi 2024, sjá skýringu 11

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. september 2024

| | Skýr. | 2024 3F | 2023* 3F | 2024 9M | 2023* 9M |
|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur og þjónusta | 5 | 5.265 | 5.382 | 15.915 | 15.873 |
| Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu | 6 | ( 3.539) | ( 3.264) | ( 10.601) | ( 9.736) |
| **Framlegð** | | 1.726 | 2.118 | 5.314 | 6.137 |
| Rekstrarkostnaður | 7 | ( 1.527) | ( 1.538) | ( 5.009) | ( 4.677) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 199 | 579 | 305 | 1.459 |
| Fjármunatekjur | | 17 | 7 | 39 | 33 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 372) | ( 303) | ( 1.027) | ( 850) |
| Gengismunur | | 9 | 37 | 6 | 80 |
| Hrein fjármagnsgjöld | 9 | ( 346) | ( 260) | ( 982) | ( 737) |
| **(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt** | | **( 148)** | **320** | **( 677)** | **722** |
| Tekjuskattur | | 39 | ( 1) | 193 | ( 8) |
| **(Tap) hagnaður tímabilsins af áframhaldandi starfsemi** | | **( 108)** | **319** | **( 484)** | **714** |
| Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta | 11 | 125 | 2 | 162 | 89 |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | | **17** | 321 | **( 322)** | 804 |
| **Önnur heildarafkoma** | | | | | |
| ***Rekstrarliðir færðir á eigið fé sem síðar kunna að vera endurflokkaðir í rekstur*** | | | | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi dótturfélaga | | 11 | 5 | 1 | ( 13) |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | | **28** | **326** | **( 321)** | **791** |
| Hagnaður (tap) á hlut | | 0,11 | 1,30 | ( 1,45) | 3,07 |

* Fjárhæðum vegna 2023 hefur verið breytt vegna sölu á hluta af starfsemi Endor ehf., sjá skýringu 11

Skýringar á bls. 9-12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.

# Efnahagsreikningur

30. september 2024

| | Skýr. | 30.9.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Leigueignir | | 7.623 | 8.420 |
| Rekstrarfjármunir | | 3.180 | 3.290 |
| Viðskiptavild | | 9.098 | 9.098 |
| Aðrar óefnislegar eignir | | 5.199 | 4.976 |
| Langtímaleigukröfur | | 127 | 141 |
| Eignahlutir í félögum | | 85 | 174 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 25.312 | 26.098 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Sýningarréttir | | 2.524 | 2.008 |
| Birgðir | | 303 | 628 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 10 | 4.878 | 5.576 |
| Handbært fé | | 248 | 624 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 7.952 | 8.837 |
| **Eignir samtals** | | **33.265** | **34.935** |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 2.476 | 2.493 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 542 | 602 |
| Annað bundið eigið fé | | 540 | 274 |
| Óráðstafað eigið fé | | 6.333 | 6.920 |
| **Eigið fé** | | 9.891 | 10.288 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | | 4.210 | 4.461 |
| Leiguskuldbindingar | | 11.519 | 11.964 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 6 | 152 |
| **Langtímaskuldir samtals** | | 15.734 | 16.577 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | | 2.961 | 1.779 |
| Leiguskuldbindingar | | 631 | 1.016 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 12 | 4.047 | 5.275 |
| **Skammtímaskuldir samtals** | | 7.640 | 8.070 |
| **Skuldir samtals** | | **23.374** | **24.647** |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | **33.265** | **34.935** |

Skýringar á bls. 9-12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.

# Eiginfjáryfirlit

## 1. janúar til 30. september 2024

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Annað bundið eigið fé: Þýðingar-munur | Annað bundið eigið fé: Bundinn reikningur | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1.1. til 30.9.2023** | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2023 | 2.668 | 806 | 50 | 79 | 5.866 | 9.469 |
| Hagnaður tímabilsins | - | - | - | - | 804 | 804 |
| Þýðingarmunur | - | - | ( 13) | - | - | ( 13) |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | 0 | 0 | ( 13) | 0 | 804 | 791 |
| Keyptir eigin hlutir | ( 158) | ( 772) | - | - | - | ( 930) |
| Greiddur arður | - | - | - | - | ( 281) | ( 281) |
| Lagt í lögbundinn varasjóð v. kaupa á eigin hlutum | - | 595 | - | - | ( 595) | - |
| Hagnaður hlutdeildarf.- og dótturf. umfram arðgr. | - | - | - | 117 | ( 117) | - |
| **Eigið fé 30.9.2023** | **2.510** | **629** | **37** | **196** | **5.677** | **9.049** |
| **1.1. til 30.9.2024** | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2024 | 2.493 | 602 | 48 | 226 | 6.920 | 10.288 |
| Tap tímabilsins | - | - | - | - | ( 322) | ( 322) |
| Þýðingarmunur | - | - | 1 | - | - | 1 |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | 0 | 0 | 1 | 0 | ( 322) | ( 321) |
| Keyptir eigin hlutir | ( 16) | ( 60) | - | - | - | ( 76) |
| Hagnaður hlutdeildarf.- og dótturf. umfram arðgr. | - | - | - | 265 | ( 265) | - |
| **Eigið fé 30.9.2024** | **2.477** | **542** | **49** | **491** | 6.333 | **9.891** |

Á fyrsta fjórðungi ársins keypti félagið 1.598.815 hluti fyrir 76 millj. kr. Fyrir átti félagið 1.753.979 hluti. Á aðalfundi félagsins þann 11. apríl var samþykkt að lækka hlutafé í samræmi við fjölda eigin hluta, eftir lækkunina eru útgefnir hlutir í félaginu 247.648.960. Skráning hjá Nasdaq á útgefnu hlutafé fór fram 13. maí 2024.

Skýringar á bls. 9-12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.

# Sjóðstreymisyfirlit

## 1. janúar til 30. september 2024

| | Skýr. | 2024 3F | 2023* 3F | 2024 9M | 2023* 9M |
|---|---|---|---|---|---|
| **(Tap) hagnaður tímabilsins samkvæmt rekstrarreikningi** | | ( 108) | 321 | ( 322) | 804 |
| **Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:** | | | | | |
| Afskriftir | 8 | 1.054 | 913 | 3.060 | 2.664 |
| Hrein fjármagnsgjöld | | 336 | 267 | 981 | 804 |
| Tekjuskattur | | ( 39) | 6 | ( 193) | 30 |
| Áhrif af aflagðri starfsemi | 11 | 95 | ( 2) | ( 14) | ( 44) |
| **Veltufé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt** | | 1.338 | 1.505 | 3.511 | 4.258 |
| **Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:** | | | | | |
| Birgðir, breyting | | 153 | 110 | 326 | ( 212) |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting | | 484 | ( 485) | 804 | 104 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting | | ( 112) | 23 | ( 1.095) | ( 777) |
| **Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt** | | 1.864 | 1.153 | 3.546 | 3.373 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | | 6 | 7 | 28 | 33 |
| Greidd vaxtagjöld | | ( 392) | ( 315) | ( 1.047) | ( 874) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 1.478 | 845 | 2.527 | 2.533 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | |
| Sala eignarhluta | | 100 | 0 | 100 | 0 |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | | ( 89) | ( 86) | ( 451) | ( 817) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | | ( 194) | ( 325) | ( 873) | ( 839) |
| Fjárfesting í sýningarrétti | | ( 778) | ( 535) | ( 1.845) | ( 1.510) |
| Lækkun á handbæru fé tengt aflagðri starfsemi | | ( 64) | 0 | ( 64) | 0 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | ( 1.026) | ( 945) | ( 3.134) | ( 3.166) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Greiddur arður | | 0 | 0 | 0 | ( 281) |
| Keyptir eigin hlutir | | 0 | 0 | ( 76) | ( 930) |
| Afborgun vaxtaberandi skulda | | ( 84) | ( 81) | ( 253) | ( 294) |
| Rekstrarlán breyting | | ( 2) | 12 | 1.182 | 950 |
| Afborgun leiguskuldbindinga | | ( 257) | ( 155) | ( 622) | ( 467) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | ( 343) | ( 224) | 231 | ( 1.021) |
| **Breyting á handbæru fé** | | 110 | ( 325) | ( 376) | ( 1.654) |
| Handbært fé í byrjun tímabils | | 136 | 729 | 624 | 2.063 |
| Áhrif gengisumreiknings dótturfélaga á handbært fé | | 2 | ( 0) | ( 1) | ( 5) |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | | **248** | **404** | **248** | **404** |

*Fjárhæðum vegna 2023 hefur verið breytt vegna sölu á hluta af starfsemi Endor ehf., sjá skýringu 11

Skýringar á bls. 9-12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.

# Skýringar

## 1. Félagið

Sýn hf. („félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík. Sýn hf. veitir einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta-, fjölmiðla-, og tækniþjónustu í gegnum vörumerkin Vodafone, Stöð 2, Stöð 2+, Stöð 2 Sport, Vísi, Bylgjuna, FM957, X 977, Já og dótturfélagið Endor ehf. Félagið á í fjölþættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2024 hefur að geyma árshlutareikning félagsins, dótturfélaga þess, Endor ehf. og Eignarhaldsfélagsins Njálu ehf., ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf., sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“.

## 2. Reikningsskilin

### a. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga. Samstæðuárshlutareikningur félagsins 1. janúar til 30. september 2024 hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilareglum og lágu til grundvallar við gerð ársreiknings fyrir árið 2023. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2023. Hægt er að nálgast ársreikning Sýnar hf. á heimasíðu félagsins www.syn.is. og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn og forstjóri félagsins samþykktu árshlutareikninginn og heimiluðu birtingu hans á stjórnarfundi þann 13. nóvember 2024.

### b. Mat og ákvarðanir stjórnenda

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Það er mat stjórnenda að mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda sé óverulegur.

## 3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Samstæðuárshlutareikningur félagsins er gerður og birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

## 4. Starfsþáttayfirlit

Samstæðan skilgreinir starfsþætti eftir innri upplýsingagjöf til stjórnenda og telst samstæðan í heild vera einn starfsþáttur.

## 5. Seldar vörur og þjónusta

| Seldar vörur og þjónusta greinast þannig: | 2024 3F | 2023 3F | 2024 9M | 2023 9M |
|---|---|---|---|---|
| Vörusala | 260 | 266 | 800 | 878 |
| Seld þjónusta | 5.004 | 5.116 | 15.115 | 14.995 |
| Seldar vörur og þjónusta samtals | 5.265 | 5.382 | 15.916 | 15.872 |

| Tekjustraumar | Fjöl-miðlun | Internet | Farsími | Fastlína | Hýsingar- og rekstrar lausnir | Vörusala | Aðrar tekjur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1.1. til 30.9.2024** | | | | | | | | |
| Tekjur | 7.099 | 3.492 | 3.275 | 313 | 297 | 800 | 640 | 15.916 |
| **1.1. til 30.9.2023** | | | | | | | | |
| Tekjur | 6.613 | 3.296 | 3.732 | 338 | 411 | 878 | 605 | 15.873 |

# Skýringar, frh.:

## 6. Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu

| Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu greinist þannig: | 2024<br>3F | 2023<br>3F | 2024<br>9M | 2023<br>9M |
|---|---|---|---|---|
| Kostnaðarverð seldrar vara og þjónustu | 2.190 | 2.082 | 6.453 | 6.114 |
| Laun og launatengd gjöld | 633 | 604 | 2.122 | 1.984 |
| Eignfærð laun | ( 38) | ( 49) | ( 147) | ( 164) |
| Afskriftir | 754 | 627 | 2.174 | 1.801 |
| **Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu samtals** | **3.539** | **3.264** | **10.601** | **9.736** |

## 7. Rekstrarkostnaður

| Rekstrarkostnaður greinist þannig: | 2024<br>3F | 2023<br>3F | 2024<br>9M | 2023<br>9M |
|---|---|---|---|---|
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 304 | 392 | 1.146 | 1.185 |
| Sölu- og markaðskostnaður | 93 | 115 | 318 | 290 |
| Laun og launatengd gjöld | 870 | 837 | 2.875 | 2.712 |
| Eignfærð laun | ( 40) | ( 91) | ( 215) | ( 372) |
| Afskriftir | 301 | 285 | 886 | 863 |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | **1.527** | **1.538** | **5.009** | **4.678** |

## 8. Afskriftir

| Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig: | 2024<br>3F | 2023<br>3F | 2024<br>9M | 2023<br>9M |
|---|---|---|---|---|
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 180 | 201 | 602 | 578 |
| Afskriftir óefnislegra eigna | 235 | 174 | 609 | 528 |
| Afskriftir afnotarétta | 179 | 166 | 514 | 505 |
| Afskriftir sýningarrétta | 461 | 466 | 1.335 | 1.548 |
| Endursamningar við birgja* | 0 | ( 94) | 0 | ( 495) |
| **Afskriftir samtals** | **1.055** | **913** | **3.060** | **2.664** |

*Endursamningar við birgja hafa áhrif til lækkunar á afskriftir á árinu 2023.

## 9. Hrein fjármagnsgjöld

| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig: | 2024<br>3F | 2023<br>3F | 2024<br>9M | 2023<br>9M |
|---|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum | 4 | 5 | 22 | 27 |
| Söluhagnaður eignarhluta í óskyldri starfsemi | 82 | 0 | 82 | 0 |
| Gangvirðisbreytingar vegna eignarhluta í félagi | ( 71) | 0 | ( 71) | 0 |
| Aðrar vaxtatekjur | 2 | 2 | 6 | 6 |
| **Fjármunatekjur samtals** | **17** | **7** | **39** | **34** |
| Vaxtagjöld og önnur þjónustugjöld | 197 | 151 | 560 | 399 |
| Vaxtagjöld leiguskuldar | 175 | 152 | 468 | 451 |
| Hreinn gengishagnaður | ( 9) | ( 37) | ( 6) | ( 80) |
| **Hrein fjármagnsgjöld samtals** | **364** | **266** | **1.021** | **770** |

Á þriðja ársfjórðungi 2024 seldi Sýn hf. eignarhlut í óskyldri starfsemi, bókfært virði eignarhlutarins var 18 millj. kr. og söluhagnaður nam 82 millj. kr., færður meðal fjármunatekna í rekstrarreikningi. Meðal fjármunatekna á þriðja ársfjórðungi eru gangvirðisbreytingar á eignarhluti Sýnar hf. í Controlant hf., úr gengi 105 í gengi 30.

# Skýringar, frh.:

## 10. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig: | **30.9.2024** | **31.12.2023** |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 3.443 | 3.269 |
| Krafa vegna sölu á stofnneti | 1.140 | 2.000 |
| Aðrar skammtímakröfur | 336 | 333 |
| Leigukröfur | 28 | 28 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | ( 70) | ( 53) |
| **Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals** | **4.878** | **5.576** |

## 11. Sala á hluta af starfsemi Endor ehf.

Þann 1. október 2024 undirrituðu Sýn hf. og Hexatronic kaupsamning um hluta af starfsemi Endor ehf. Viðmiðunardagur viðskiptanna var þann 20. september sl. og hluti kaupverðsins var greiddur í byrjun október. Hagnaður af sölu starfseminnar nam 160 millj. kr. Viðskiptin varða aðallega alþjóðlega starfsemi Endor ehf. og stærri innlenda viðskiptavini sem nýta sér sérhæfðar miðlægar gagnaveralausnir. Markmið sölunnar er að styrkja enn frekar lausnaframboð Endor ehf. fyrir viðskiptavini sína með framtíðarsamvinnu við Hexatronic.

Rekstur á seldu starfsemi Endor ehf., er nú tilgreindur í einni línu í rekstrarreikningi sem aflögð starfsemi. Samanburðartölum á árinu 2023 hefur verið breytt til samræmis í rekstrarreikningi og sjóðstreymi.

| Afkoma seldu starfseminnar á tímabilinu er eftirfarandi | **2024 9M** | **2023 9M** |
|---|---|---|
| Tekjur | 1.331 | 1.764 |
| Sala innan samstæðu | ( 307) | ( 415) |
| **Ytri tekjur** | **1.023** | **1.349** |
| | | |
| Gjöld | 1.282 | 1.663 |
| Gjöld innan samstæðu | ( 307) | ( 414) |
| **Ytri gjöld** | **975** | **1.249** |
| | | |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **49** | **100** |
| Söluhagnaður | 160 | 0 |
| Skattar | ( 47) | ( 11) |
| **Samtals áhrif af aflagðri starfsemi** | **162** | **89** |

| Áhrif af sölu starfsemi Endor ehf. á efnahagsreikning samstæðunnar greinist þannig: | |
|---|---|
| Afnotaréttur | ( 233) |
| Viðskiptakröfur | ( 1) |
| Handbært fé | ( 64) |
| Tekjuskattsinneign | ( 14) |
| Leiguskuldbindingar | 242 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir | 2 |
| **Hreinar eignir og skuldir** | **( 68)** |

# Skýringar, frh.:

## 12. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig: | **30.9.2024** | **31.12.2023** |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 2.039 | 3.261 |
| Ógreiddur virðisaukaskattur | 396 | 251 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 546 | 591 |
| Ógreiddur áfallinn kostnaður og aðrar skammtímaskuldir | 1.066 | 1.173 |
| **Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals** | **4.047** | **5.275** |

## 13. Önnur mál

Sýn hf. getur eftir atvikum átt í málarekstri við einstaklinga, önnur félög eða eftirlitsstofnanir á íslenskum fjarskipta- og fjölmiðlamarkaði. Félagið færir skuldbindingar vegna málareksturs þegar hægt er að meta framtíðargreiðslur með áreiðanlegum hætti. Vegna óvissu um framtíðarþróun málarekstrar, niðurstöður dómsmála, úrskurða, áfrýjanir og sættir í málum geta niðurstöður mála leitt til viðbótar skuldbindinga og kostnaðar fyrir félagið. Um málarekstur Sýnar hf. vísast að mestu í ársreikning 2023 og árshlutareikninga vegna fyrsta og annars ársfjórðungs 2024. Þá varð framgangur í neðan greindu máli eftir reikningsskiladag þriðja ársfjórðungs.

### Sýn hf. gegn Fjarskiptastofu, Símanum hf., Mílu hf., Nova hf. og Ljósleiðaranum hf.

Í máli nr. E-1846/2021 gerði félagið kröfu um að felldur verði úr gildi með dómi úrskurður úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála í máli nr. 7/2019. Með úrskurði sínum felldi úrskurðarnefndin úr gildi ákvörðun Fjarskiptastofnunar í máli nr. 27/2019, en með þeirri ákvörðun hafði stofnunin lagt stjórnvaldssekt á Símann hf. vegna þess sem stofnunin taldi vera brot á 5. mgr. 45. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla sem bannar fjölmiðlaveitu fortakslaust að beina viðskiptum viðskiptamanna sinna að tengdu fjarskiptafyrirtæki. Taldi stofnunin Símann hf. hafa gerst sekan um þetta með markaðsaðgerðum sínum allt fram til 1. okt. 2019. Hinn umþrætti úrskurður byggði einkum á þeirri forsendu að formlegir annmarkar væru á ákvörðun Fjarskiptastofnunar. Félagið taldi forsendur úrskurðarins ekki standast þar sem aðgerðir Símans hf. hafi falið í sér brot gegn 5. mgr. 45. gr. laga nr. 38/2011 og höfðaði því mál til ógildingar hans. Rétt er að halda því til haga að Fjarskiptastofnun höfðaði einnig mál í þessum sama tilgangi og voru málin sameinuð. Með dómi sínum þann 28. október 2024 féllst Héraðsdómur Reykjavíkur á dómkröfur Sýnar hf. og felldi úr gildi úrskurð úrskurðarnefndar fjarskiptamála. Þar með tekur ákvörðun PFS í máli nr. 27/2019 aftur gildi, en samkvæmt henni taldist Síminn brotlegur við 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga.

Á þessum tímapunkti getur félagið ekki metið framtíðar skuldbindingar eða kröfur sem leiða af niðurstöðum ofangreinds málareksturs meðal annars vegna þess að það getur tekið langan tíma að fá niðurstöðu í mál, ásamt því að mál geta þróast í ólíkar áttir. Vegna þess hefur engin skuldbinding né krafa verið færð í árshlutareikning félagsins á þriðja ársfjórðungi.

# Ársfjórðungsyfirlit 2024

| | 2024 1F | 2024 2F | 2024 3F | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Seldar vörur og þjónusta** | 5.365 | 5.286 | 5.265 | 15.916 |
| Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu | ( 3.595) | ( 3.468) | ( 3.539) | ( 10.602) |
| **Framlegð** | 1.770 | 1.818 | 1.726 | 5.314 |
| Rekstrarkostnaður | ( 1.723) | ( 1.759) | ( 1.527) | ( 5.009) |
| **Rekstrarhagnaður** | 46 | 59 | 199 | 304 |
| Fjármunatekjur | 16 | 6 | 17 | 39 |
| Fjármagnsgjöld | ( 332) | ( 324) | ( 372) | ( 1.027) |
| Gengismunur | 3 | ( 5) | 9 | 6 |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 313) | ( 323) | ( 346) | ( 982) |
| Tekjuskattur | 67 | 86 | 39 | 193 |
| **(Tap) hagnaður af áframhaldandi starfsemi eftir skatta** | ( 198) | ( 178) | ( 108) | ( 484) |
| Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta | 46 | ( 9) | 125 | 162 |
| **(Tap) hagnaður tímabilsins** | ( 154) | ( 187) | 17 | ( 322) |
| Þýðingarmunur vegna erlends dótturfélags | ( 6) | 6 | 1 | 1 |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | **( 160)** | **( 181)** | **18** | **( 321)** |
| EBIT* | 119 | 51 | 363 | 533 |

* Rekstrarhagnaður (EBIT) innifelur rekstrar- og söluhagnað af aflagðri starfsemi, sjá skýringu 11

# Ársfjórðungsyfirlit 2023*

| | 2023 1F | 2023 2F | 2023 3F | 2023 4F | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur og þjónusta | 5.310 | 5.180 | 5.382 | 5.875 | 21.747 |
| Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu | ( 3.308) | ( 3.163) | ( 3.265) | ( 4.432) | ( 14.168) |
| **Framlegð** | 2.002 | 2.017 | 2.117 | 1.443 | 7.579 |
| Hagnaður af sölu stofnnets | - | - | - | 2.436 | 2.436 |
| Rekstrarkostnaður | ( 1.631) | ( 1.510) | ( 1.536) | ( 1.984) | ( 6.662) |
| **Rekstrarhagnaður** | 371 | 507 | 581 | 1.895 | 3.354 |
| Fjármunatekjur | 19 | 7 | 7 | 12 | 45 |
| Fjármagnsgjöld | ( 262) | ( 285) | ( 303) | ( 319) | ( 1.170) |
| Gengismunur | 46 | ( 11) | 45 | ( 46) | 34 |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 197) | ( 289) | ( 251) | ( 354) | ( 1.091) |
| Tekjuskattur | ( 2) | 6 | ( 11) | ( 274) | ( 283) |
| **Hagnaður af áframhaldandi starfsemi eftir skatta** | 171 | 224 | 319 | 1.266 | 1.980 |
| Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta | 43 | 45 | 2 | 40 | 130 |
| **Hagnaður tímabilsins** | 214 | 269 | 321 | 1.306 | 1.980 |
| Þýðingarmunur vegna erlends dótturfélags | ( 17) | ( 1) | 5 | 11 | ( 2) |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | **197** | **268** | **326** | **1.317** | **1.978** |
| EBIT** | 428 | 573 | 592 | 1.951 | 3.544 |

* Fjárhæðum vegna 2023 hefur verið breytt vegna sölu á hluta af starfsemi Endor ehf., sjá skýringu 11
** Rekstrarhagnaður (EBIT) innifelur rekstrar- og söluhagnað af aflagðri starfsemi, sjá skýringu 11